
Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs austan Þingvallavatns í landi Mjóaness og Miðfells



Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Eva Bryndís Ágústsdóttir

FS1002-24044

Reykjavík 2024

Fornleifastofnun Íslands



Forsíðumynd er af vörðu ÁR-471:008, horft til vesturs. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

©2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður deiliskráningar vegna fyrirhugaðrar lagningar jarðstrengs í landi Mjóaness og Miðfells austan við Þingvallavatn. Jarðirnar tilheyra nú sveitarfélaginu Bláskógarbyggð en voru áður í Þingvallahreppi. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands ses að beiðni RARIK. Úttektarsvæðið var um 5 km að lengd og 30 m á breidd (náði 15 m til hvorrar áttar frá áætlaðri miðlínu). Áhrifasvæðið nær yfir gróin tún og fjalllendi en er þó meðfram malarvegum að mestu. Alls voru skráðar 15 fornleifar og af þeim eru sex í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í öllum tilfellum er mögulegt að komast hjá raski en það er í höndum Minjastofnunar Íslands að úrskurða um mótvægisáðgerðir.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, jarðstrengur, RARIK, Bláskógarbyggð

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed field survey commissioned by Iceland State Electricity (RARIK) concerning a new powerline within the property of the farms Mjóanes and Miðfell in Bláskógarbyggð municipality, South Iceland. The survey was carried out within a 5 km long and 30 m wide assessment area. Altogether, 15 archaeological sites were surveyed, and six were considered at high risk because of the planned proposal, even if damage to the archaeology could be prevented in all cases.

Keywords:

Institute of Archaeology (Iceland), detailed survey, Árborg, power line, Iceland State Electricity.

1.	Inngangur	7
2.	Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3.	Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4.	Fornleifaskrá	13
	ÁR-471 Mjóanes	13
	ÁR-472 Miðfell	15
	ÁR-711 Fornleifar á fleiri en einni jörð; Þingvallahreppur	19
5.	Niðurstöður	21
	Heimildir	24
	Viðauki I: Minjakort	24



Mynd 1: Staðsetning fyrirhugaðs jarðstrengs og skráðar fornleifar eru á myndinni. © Fornleifastofnun Íslands og Loftmyndir ehf

1. Inngangur

Haustið 2024 fór RARIK á Suðurlandi þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa á fyrirhugaðri strengleið í Bláskógarbyggð. Úttektarsvæðið var um 5 km að lengd og náði frá heimatúni bæjarins Mjóaness í norðri, meðfram malarvegi að fjallinu Miðfelli, yfir fjallið og áfram til suðurs innan sumarhúsabyggðar í landi bæjarins Miðfells. Strengurinn mun liggja samsíða malarvegum að stóru leyti.

Vettvangsvinna fór fram í september 2024. Úttektarsvæðið náði 15 m til beggja átta frá miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs og var því samanlagt 30 m á breidd. Við skráningu var gengið skipulega um allt úttektarsvæðið, allar fornleifar hnitsettar og öll yfirborðsummerki um minjar mæld upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Alls voru skráðar 15 fornleifar innan svæðis en af þeim voru sex innan áhrifasvæðisins (en helgunarsvæði hinna tíu nær inn fyrir mörk sama svæðis).



Mynd 2: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með rauðum punkti. © Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands

Þar sem ljóst þótti á vettvangi að fyrirhugaður jarðstrengur gæti raskað fornleifum var nærliggjandi umhverfi minja skoðað í þeim tilgangi að leggja fram tillögur að mögulegri tilfærslu á strengleidd. Skráningin var unnin af fornleifafræðingunum Ragnheiði Gló Gylfadóttur og Evu Bryndísi Ágústsdóttur. Ragnheiður sá um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kafla er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um fornleifar innan úttektarsvæðis og í fimmta og síðasta kafla er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og

minjakort.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar

fríðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-162:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-162:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef



Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-162:002). Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í mikilli hættu.

 grjót	 Áhrifasvæði
 torf og grjót	 Fyrirhugaður jarðstrengur
 þúst	 Fornleifar í hættu
 leið	 Fornleifar í mikilli hættu

Mynd 4: Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessa skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-471 Mjóanes

1695: Í bændaeign og jarðardýrleiki 10 hdr. BL, 116. 1711: Jarðardýrleiki sami og fyrr. Kvaðir engar á ábúanda. Selstöðu nýtir jörðin í landi sínu. Eyðibýli: Arnarfell. JÁM II, 361. Árið 1896 voru 5 bæjarhús og 6 peningshús í Mjóanesi. Eftir jarðskjáltana sama ár voru öll bæjar- og peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 180.

Túnakort 1920: Tún 3,2 ha., þar af um 1/6 slétt. Girt með nesinu. Matjurtagarðar 687 m². 1711: "Haga á sumar á jörðin í betra lagi mikla og góða. Útigangur á vetur er hjer í betra lagi bæði fyrir sauðfje og hesta. Skóg til eldingar og kolagjörðar á jörðin í sínu landi...Enjgar eru nú alls eignar, þær sem til forna voru eru komnar í bera mosa af uppblæstri." JÁM II, 361. 1840: "Silungsveiði, sauðfjárbreit, heyskaparlítið og hættur af gjám." SSÁ, 181. "Landið er allt hraunlendi, að undanskildu nesinu og flötum með fellinu. Jarðvegur frekar grunnur og heldur illa vatni, grær því seint vorin. Eftir að gróður er kominn er sumar- og haustbeit góð. Frekar snjólétt, vetrararbeit nýtist því nokkuð vel. Miklar hættur eru fyrir sauðfé af mjóum gjársprungum sem skefur í og lokast þegar þannig viðrar. Í Karhrauni, norðvestur af austurenda Miðfells, er nokkurt birkikjarr." SB III, 218.

ÁR-471:008 varða samgöngubót
A 398909 N 411006

Skyggir er áberandi hraunhóll, sunnan við malarveg að bænum. Á Skyggni er varða sem er um 40 m vestan við helli 010 og um 710 m norðaustan við bæ 001. Varðan er á hæsta punkti hólsins og vísar líklega á fjárhelli sem er norðaustan í hraunhólnum, grasivaxin hvammur er framan við hann. Varðan er um 7 m utan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs en höfð með vegna nálægðar.

Rafmagnslína er fast sunnan við hraunhólinn. Hólinn er grasivaxinn efst en mosi og lyng verða ríkjandi eftir því sem neðar dregur.

Varðan er efst á fremur ávölum hraunhól og þaðan er víðsýnt til allra átta. Varðan er vel hlaðin og stendur enn vel. Hún er 2 x 1 m að grunnfleti, snýr A-V og svæðið umhverfis hana er mjög gróið og líkist einna helst þústi. Það er engu líkara en varðan sé á hlöðnum palli sem er um 0,2 m á hæð. Sjálf varðan er 0,7 m á hæð og það má greina 7-10 umför af grjóti í henni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Mynd 5: Varða ÁR-471:008, horft til vesturs.

ÁR-471:009_1 varða leið

A 398973 N 410837



Mynd 6: Varða ÁR-471:009_01, horft til NNV

Leið ÁR-711:025 lá á milli bæjanna Mjóaness og Miðfells yfir Gönguskarð, í fjallinu Miðfelli. Leiðin er ekki sýnd á neinum kortum en örnefnið, Gönguskarð, ber henni vitni. Leiðin virðist hafa verið vörðuð í landi Mjóaness, tvær vörður sem liggja í átt að skarðinu sjást enn vel. Varða 008 á Skyggni gæti enn fremur verið hluti af leiðinni. Varða 01 er rúmum 30 m vestur af vegi sem liggur að sumarhúsum í Digranesi og um 230 m suður af Mjóanesvegi. Varðan er skammt frá áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs, eða um 10 m austur af því.

Varðan er á lágum hraunhól, hraunið í kring er mosa- og lyng vaxið, en

vindrof er víða áberandi á svæðinu. Hraunhellur sjást á yfirborði hólins.

Varðan er hrunin en grunnur hennar sést þó enn. Hann er 1,5x0,8 m stór og varðan er um 0,3 m á hæð. Einungis sést eitt umfar af grjóti, restin er hrunin.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-471:009_2 varða leið

A 399265 N 410301



Mynd 7: Varða ÁR-471:009_02, horft til NV

Um 600 m sunnan við vörðu 009_01 er varða 009_02. Hún er rúmum 20 m vestur af veginum sem liggur að sumarhúsabyggð í Digranesi. Varðan er skammt frá áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs, en það liggur 13 m austan við hana.

Varðan er á hraunhelli sem er 1x1 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Á helluna voru lagðir minni steinar/grjót, svæðið sem þeir þekja er um 1x1 m og 0,7 m á hæð. Það sjást 2-3 umför af steinum í vörðunni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-471:011 garðlag túngarður

A 398443 N 410836

Túngarður sést afmarka heimatúnið á túnakorti frá 1920. Túngarðurinn er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs og var hann eingöngu skoðaður þar. Ástand túngarðsins var því ekki metið að fullu í þetta sinn. Fyrirhugað er að leggja jarðstrenginn austan við malarveg að bænum, þar er nú þegar ljósleiðari en fornleifaskráning virðist ekki hafa verið gerð þegar hann var plægður. Túngarðinum hefur verið raskað þar, líklega þegar vegur að bænum var lagður.

Sunnan við túngarðinn er slétt, ræktað tún. Norðan hans er þýft svæði sem komið er órækt. Túngarðurinn var rakinn á 42 m löngum kafla, austan við malarveg sem liggur að bænum. Vegurinn raskar túngarðinum sem sést aftur nokkuð vestar. Túngarðurinn er grjóthlaðinn, um 2 m á breidd, 0,3 m á hæð og hleðslur í honum fallnar að mestu. Það má þó enn greina

2-3 umför á stöku stað.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-472 Miðfell

1695: Eign Skálholtsstóls og jarðardýrleiki 6 hdr. BL, 116.

1711: Jarðardýrleiki óviss. "Afrjett hefur til forna brúkuð verið í Skjaldbreiðurhrauni og meinast allur þessi hreppur eigi afrjettinn saman við Grímnésinga, en nú yfir 40 ár hefur þangað ei rekið verið, lagðist það af vegna þess að þaðan voru slæmar heimtur, svo er nú og landið þar mjög blásið..." Selstöðu á jörðin í landi sínu og munnmæli um að Hamrar í Grímsnesi eigi einnig selstöðu í Miðfellslandi en í staðinn hafi Miðfell haft hesta sína á vetrararbeit í Hamralandi. Þessi ítök höfðu þó ekki verið brúkuð í manna minni." JÁM II, 359. "Skálholtsstóll átti jörðina þar til biskupsstóll var lagður niður." SB III, 217.

Árið 1896 voru 5 bæjarhús og 9 peningshús á Miðfelli. Eftir jarðskjáltana sama ár voru öll bæjar- og peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 180.

Túnakort 1920: Tún 2,7 ha., þar af um 1/2 slétt. Girt með nesinu. Matjurtagarðar 336 m². 1711: "Haga á sumar á jörðin sæmilega mikla og góða. Útigangur á vetur er hjer og í betra lagi, og er hjer hverki fje nje lömbum fóður ætlað, en hestum er í burt komið í



Mynd 8: Túngarður ÁR-471:011, horft til suðausturs.



Mynd 9: Túnakort frá 1920, sýnt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Fyrirhugaður jarðstrengur fer í gegnum austurhluta túnsins.

göngu þá snjóasamt er.” Rifhrís er á jörðinni en skóg til kolagjörðar og raftviðar er sóttur í Þingvallaskóg. “Engjar sem jörðunni hafa eignaðar verð lágu með einni fjallshlíð, en eru nú ölldungis af fyrir skriðum og grjóthruni úr fjallinu svo og líka fyrir jarðhlaupum eða moldflögum. Eru nú svo engjarnar engar, sem jörðunni fylgja...Hagarnir spillast árlega af uppblæstri.” Hlunnindi: Silungsveiði. JÁM II, 359-60.

1840: “Sauðfjárbætt um vetur og sumar í betra lagi. Heyskaparlítið og skriðuhætt. Silungsveiði.” SSÁ, 181. “Miðfellsbærinn stendur skammt frá vatninu, sunnan undir Múlanum sem er vestasti hluti fellsins og nær út í Þingvallavatn. Allt Miðfellsland er hraunlendi að undanskilinni tungunni á Lyngdalsheiði sem nær austur í Þrasaborgir. Jarðvegur er víða grunnur á hrauninu og heldur því illa vatni. Grær því seint á vorin nema væta sé nóg. Haust-og vetrarþétt er góð þegar nær til jarðar. Miðfell er góð veiðijörð...Túnrækt er erfið sem á öðrum hraunjörðum. Túnið er ekki samfelld því bestu túnræktunarblettirnir hafa verið teknir fyrst.” SB III, 217. Jörðin er ekki lengur í ábúð og þar nú þétt sumarhúsabyggð við Þingvallavatn.

ÁR-472:017 *Hellisgata* gata leið

A 400376 N 408792



Mynd 10: Hellisgata ÁR-472:017, horft til austurs.

Hellisgata: “Frá bænum liggur Hellisgata austur að fjárhelli [004] fyrir norðan Dagmálabrúnir. Að hellinum er hægt að ganga á 20 mín.; hann er kippkorn na. af Brúnum. Frá hellinum heldur gatan áfram austur hraunið, fyrir norðan Gjáarhóla, sunnan Háhrauns austur í Drift, og er heybandsvegur á sumrum.” segir í grein Ásgeirs Jónassonar. Hellisgata sést enn í hrauninu austan við bæ 001, skammt sunnan við malarveg sem liggur að gamla heimatúninu og sumarhúsum við Þingvallavatn. Leiðin liggur þvert í gegnum áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs rétt sunnan við malarveginn og var eingöngu rakin þar.

Leiðin liggur í grýttu hrauni. Næst heimatúninu er hún innan sumarhúsahverfis og horfin í lóðir hér og þar.

Leiðin sést hlykkjast austur-vestur, þvert í gegnum áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs og var rakin á 55 m löngum kafla. Leiðin virðist rudd, hún er um 2,5-3 m á breidd, 0,2 m á dýpt og fremur slétt í botninn. Hún sneiðir fram hjá hraunklettum og er ekki mjög grýtt. Leiðin var eingöngu rakin innan áhrifasvæðisins, þ.e. innan sumarhúsabyggðar og allmörg ár síðan henni var haldið við. Leiðin er röskuð innan áhrifasvæðisins, þar er nú malarvegur sem liggur til suðurs að sumarhúsum.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ásgeir Jónasson. «Örnefni í Miðfellsbrauni og Miðfellsfjalli.», 80

ÁR-472:025 tóft útihús

A 399988 N 408879

Útihúsatóft er rúmum 110 m suðaustan við bæ 001 og 16 m suðvestan við útihús 035. Tóftin er suðaustarlega innan heimatúnsins, sunnan við lágan klettahrygg. Klettarnir eru hæstir til vesturs og sjást vel frá vegi sem liggur að sumarhúsum við Þingvallavatn. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1920. Tóftin er 6 m austan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs en höfð með vegna nálægðar.

Gróíð svæði, milli malarvegjar suðvesturs og lyngivaxins svæðis að austan. Þar er girðing sem afmarkar sumarhúsasvæði.



Mynd 11: Tóft ÁR-472:025, horft til NNV.



Mynd 12: Uppmæling af tóft ÁR-472:025.

Þeir um 1 m. Tóftin er um 4x4 m að stærð og opin til suðurs. Veggirnir eru úr torfi og grjóti, 0,3-0,4 m á hæð og 1 m á breidd. Þeir eru algrónir en það að glittir í grjót hér og þar. Veggirnir eru lægstir ofan á klettinum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-472:032 þúst útihús

A 399935 N 408881

Greinileg þúst er tæpum 80 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 40 m vestan við útihús 025. Þústin er suðaustarlega innan heimatúnsins en ekkert útihús er sýnt þarna á túnakorti frá 1920. Mikill gróður var innan gamla heimatúnsins þegar skrásetjari var á ferðinni og hátt gras huldi nánast alla þústina sem án efa ber útihúsi vitni. Malarvegur að Þingvallavatni er 25 m austur.

Gróið, slétt tún sem komið er órækt. Þústin er rúmum 1 m vestan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs en höfð með vegna nálægðar.

Þústin er 8 x 4,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er 0,5 - 0,6 m á hæð, flöt að ofan og brúnirnar fremur beinar. Engin mannvirki sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 13: Þúst ÁR-472:032, horft til vesturs.

ÁR-472:033 garðlag túngarður

A 400183 N 409023

Sigin túngarður er um 260 m austan við bæ 001 og um 180 m norðan við Hellisgötu 017. Túngarðurinn er utan heimatúnsins líkt og það var afmarkað 1920 en ekki er vitað hvort hér var annað tún, fjárhús eða mögulega býli. Túngarðurinn sést einna best nyrst, þar er hann bogadreginn en fjarar út og verður illgreinilegur til suðurs. Nyrsti hluti túngarðsins er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs.

Túngarðurinn sést fast austan og norðan við áberandi grænt svæði. Fjárhús, líklega byggð um miðja síðustu öld, voru þarna fast vestar og líklega tengist þessi grænka því húsi.



Mynd 14: Túngarður ÁR-472:033, horft til austurs.

Fjárhúsin voru rifin eftir 2014 en ekki er vitað hvort eldri hús voru þar fyrir. Fjárhúsið sést á eldri loftmyndum og virðist ótengt þessum túngarði sem hér er skráður.

Túngarðurinn er um 77 m langur, 2 m á breidd og er 0,2-0,4 m á hæð. Hann snýr norður-suður en sveigir til austurs að norðan og þar er hann einna greinilegastur. Suðurhlutinn sést ekki á yfirborði en hægt að rekja á loftmynd.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-472:034 tóft útihús



Mynd 15: Tóft ÁR-472:034, horft til suðurs.

A 400025 N 408918


Um 5 m suðaustan við útihús 036 og um 130 m suðaustan við bæ 001 er útihús. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 en samkvæmt því er það staðsett fast fyrir utan mörk heimatúnsins að austaverðu. Útihúsið er um 15 m utan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jaðstrengs og haft með vegna nálægðar.

Gróið, þýft svæði austan við malarveg sem liggur að Þingvallavatni og utan (vestan) við girðingu umhverfis sumarhúsabyggð.

Tóftin er 5,9x5 m að stærð og snýr NA-SV. Hún er opin til norðausturs. Tóftin er einföld og vel gróin en ekki sést

glitta í neitt grjót í veggjum. Þeir eru um 1,5 m að breidd en suðurveggurinn er 2,3 m á breidd, því má áætla að veggurinn sé hruninn í þeim enda. Veggirnir eru 0,2 - 0,3 m á hæð, hæstir til norðurs. Rétt austan við tóftina er vírgirðing sem fer umhverfis sumarbústaðarlóð, en girðingin raskar tóftinni ekki. Á loftmynd frá 1996 sést mannvirki sem hefur staðið rétt austan við tóftina. Húsið hefur verið rífið fyrir árið 1998, en það sést ekki á yngri loftmyndum né sjást ummerki þess á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Mynd 16: Uppmæling af tóft ÁR-472:034.

ÁR-472:036 tóft útihús

A 400012 N 408928


Um 5 m norðvestan við útihús 034 og um 120 m suðaustan við bæ 001, er útihús austarlega innan heimatúnsins. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1920. Tóftin er einungis 2 m utan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jaðstrengs en haft með vegna nálægðar.

Gróið, þýft svæði á milli malarvegar að Þingvallavatni til vesturs og sumarbústaðahverfi

að austan. Tóftin er vel gróin en hún stendur örllítið upp úr landslaginu. Tóftin er 7,8x4,1 m að stærð og snýr VSV-ANA. Veggirnir eru 1,8 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Tóftin er einföld, um 2 m langt op er til VSV. Opið er vítt og því má áætla að þar hafi verið timburpil. Ekki sést glitta í grjót í veggjum og öll tóftin er algróin. Garðlag/hleðsla liggur til suðausturs út frá tóftinni, í átt að tóft 036. Hleðslan er 1,8 m að breidd og um 3 m á lengd. Á loftmynd frá 1996 sést í mannvirki sem var rétt sunnan við tóftina. Húsið hefur verið rífið fyrir árið



Mynd 17: Tóft ÁR-472:036, horft til norðausturs.



Mynd 18: Uppmæling af tóft ÁR-472:036.

1998, en það sést ekki á yngri loftmyndum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: <https://www.map.is/base/@398912,410987,z12,0>

ÁR-711 Fornleifar á fleiri en einni jörð; Þingvallahreppur

Fornleifar á fleiri en einni jörð í Þingvallahreppi

ÁR-711:025 Gönguskarð heimild um leið

A 399586 N 409862

Gata milli Miðfells og Mjóaness: "Austur með Múla eru vallendisflatir; þar upp af er nefnt Gönguskarð," segir í örnefnaskrá. Leiðin lá á milli bæjanna Mjóaness og Miðfells, yfir Gönguskarð í fjallinu Miðfelli. Leiðin er ekki sýnd á neinum kortum en örnefnið, Gönguskarð, ber henni vitni og bendir til þess að þar hafi verið farið yfir fjallið á leið milli bæjanna. Fyrirhugaður jarðstrengur fer yfir fjallið meðfram skarðinu, en þar sem leiðin sést ekki á yfirborði er ekki hægt að segja með vissu að hún liggi innnan áhrifasvæðis. Það er þó talið líklegt.

Leiðin hefur legið N-S yfir skarðið, það er einungis eitt áberandi skarð í fjallinu þegar horft er til suðurs frá Mjóanesi. Þar er áætlað að jarðstrengurinn fari yfir. Mögulega hefur leiðinni verið raskað þegar raflína var gerð, möstur liggja yfir skarðið frá Mjóanesi yfir til Miðfells. Enn er hægt að sjá leifar af fyrrum framkvæmdum, í skarðinu er breiður malarvegur sem liggur upp hlíðina. Fjallið er illa gróið og raskið er helst þar sem möstrin standa. Uppá fjallinu er landslagið flatt og rofið, hálfgróin melur með stóru grjóti.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ásgeir Jónasson, 80

ÁR-711:032 heimild um leið

A 398502 N 410920

Gata, frá leið [031] S við Arnarfell að Mjóanesi [ÁR-471], er merkt inn á herforingjaráðskort

frá 1909. Leiðin lá sunan við Arnarfell, í gegnum Mjóaneshraun og allt að bænum í Mjóanesi. Leiðin var eingöngu rakin innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs.

Leiðin er innan áhrifasvæðisins fast austan við heimatúnið í Mjóanesi. Þar er nú malarvegur að bænum að öllum líkindum á sama stað.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði við bæinn í Mjóanesi.

Hættumat: mikil hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 37 NA 1909 1:50000

ÁR-711:033 heimild um leið

A 400143 N 409124

Gata, frá Gjábakka [ÁR-470] að Miðfelli [ÁR-472], er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1909. Leiðin var eingöngu rakin innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs en hún liggur innan þess á tveimur stöðum, skammt austan við heimatún Miðfells.

Gróið hraun og tún í landi Miðfells.

Til suðurs var leiðin innan áhrifasvæðis, milli heimatúnsins til vesturs og túngarðs ÁR-472:033 til austurs. Hún er horfin af yfirborði, fjárhús voru byggð um miðja síðustu öld skammt norðar með tilheyrandi raski. Fjárhúsin hafa ennfremur verið rifin. Leiðin er aftur innan áhrifasvæðisins um 170 m norðar. Þar er nú yngri vegslóði og engin ummerki um eldri götur sjást á yfirborði.

Hættumat: mikil hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 37 NA 1909 1:50000

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Mjóaness og Miðfells, í sveitarfélaginu Bláskógarbyggð. Jarðirnar eru austan við mitt Þingvallavatn og tilheyrðu áður Þingvallahreppi. Áhrifasvæðið liggur að mestu um í úthaga jarðanna en fer þó í gegnum austurhluta heimatúnsins á Miðfelli. Áhrifasvæðið er um 5 km að lengd og 30 m að breidd. Við úttektina voru skráðar fornleifar sem eru innan áhrifavæðis auk þeirra minja sem voru svo skammt utan við úttektarmörk, að áhrifasvæði jarðstrengs féll innan helgunarsvæðis þeirra. Línulegar fornleifar s.s. garðlög og leiðir voru eingöngu raktar að hluta, innan áhrifasvæðis. Alls voru skráðar 15 fornleifar. Sex þeirra voru innan áhrifasvæðisins og voru þær allar metnar í mikilli hættu vegna framkvæmdanna aðrar fornleifar voru metnar í hættu vegna framkvæmdanna.



Mynd 19: Á myndinni er horft til suðurs yfir áhrifasvæðið í landi Miðfells. Á þessu svæði er ekki fyrirhugað að leggja strenginn nærri malarvegum.

Hér á eftir verður fjallað um þær fornleifar sem fyrirhugaður jarðstrengur ógnar, settar fram tillögur að hliðrun strengsins á stöku stað og hugmyndir af líklegum mótvægisaðgerðum. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar í mikilli hættu megi víkja. Við gerð hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til

sérstakra ráðstafana. Í meirihluta tilfella var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfistíganleg en hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum.

Innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs eru sex fornleifar; tvær í Mjóanesi



Mynd 20: Hér sést hvernig túngarður ÁR-471:011 er rofinn innan áhrifasvæðis. Skurður vegna ljósleiðara sést einnig austan við veginn.

og fjórar í Miðfelli. **Túngarður ÁR-471:011** afmarkaði

austurhlið heimatúnsins í Mjóanesi liggur áhrifasvæðið þvert yfir hann. Túngarðurinn er þegar horfinn þar sem jarðstrengurinn mun liggja, fast suðaustan við malarveg að bænum. Þar er búið að leggja ljósleiðara en sú framkvæmd virðist ekki hafa verið skoðuð með tilliti til fornleifa áður en framkvæmdir fóru fram. Líklega hvarf túngarðurinn þó þegar

núverandi malarvegur var lagður. Ólíklegt er að nokkurra mótvægisáðgerða verði krafist á þessum stað.



Mynd 21: Túngarður ÁR-472:033 er að mestu utan áhrifasvæðis.

Lítill hluti (um 4 m) af **túngarði ÁR-472:033** eru innan áhrifasvæðisins, rúnum 110 m austan við heimatúnið á Miðfelli. Ekki er vitað hvaða minjaheild þessi túngarður tilheyrði og mikið jarðrask er vestan hans. Túngarðurinn er einna greinilegastur til norðurs en svæðið austan hans er rofið og gróðurþekja þunn. Hægt er að hlífa túngarðinum við raski verði núverandi hönnun á legu jarðstrengsins fyrir valinu og

aðgát sýnd við framkvæmdir.

Hellisgata ÁR-472:017, lá frá Miðfelli að fjárhelli nokkuð austar í hrauninu. Leiðin sést enn vel en er þó horfin á köflum vegna sumarhúsabyggðar næst bænum. Áhrifasvæðið þverar Hellisgötu um 70 m sunnan við malarveg að bænum. Annar malarvegur liggur á sömu slóðum, innan sumarhúsahverfis, og áætlað er að leggja

strenginn fast vestan hans. Leiðin er horfin af yfirborði við veginn, þar sem strengurinn mun liggja. Hægt er að forða frekara raski á leiðinni með aðgát á framkvæmdatíma.

Þrjár þjóðleiðir eru innan áhrifasvæðisins. **Leið ÁR-711:032** er innan svæðis skammt austan við heimatúnið í Mjóanesi. Hún er horfin þar af yfirborði og ólíklegt að nokkurra mótvægisáðgerða



Mynd 22: Hellisgata ÁR-472:017 sést enn vel utan áhrifasvæðis.

verði krafist vegna hennar enda hefur ljósleiðari þegar verið grafinn þar niður. **Leið ÁR-711:025** lá á milli bæjanna Mjóaness og Miðfells, yfir Gönguskarð í sjálfu Miðfelli. Ekki er vitað hvar leiðin lá nákvæmlega, mögulega var hún á svipuðum stað og línuvegurinn gerir nú. Leiðin er hið minnsta horfin innan áhrifasvæðisins og ólíklegt að nokkurra mótvægisáðgerða verði krafist vegna hennar. **Leið ÁR-711:033** lá austan við fjallið Miðfell og þverar áhrifasvæðið hana um 200 m norðan við malarveg að bænum Miðfelli. Áhrifasvæðið þverar hana aftur um 160 m sunnar, skammt frá heimatúninu. Hið sama gildir um þessa leið og þær sem áður var rætt um; öll ummerki hennar eru horfin af yfirborði og ólíklegt að nokkurra mótvægisáðgerða verði krafist.

Alls eru níu fornleifar skammt utan áhrifasvæðis jarðstrengsins. Slíkar fornleifar eru skráðar ef áhrifasvæði framkvæmda liggur innan helgunarsvæðis þeirra sem er 15 m. Þetta eru varða ÁR-471:008, varða ÁR-471:009_1, varða ÁR-471:009_2, útihús ÁR-472:034, útihús ÁR-472:036, útihús ÁR-472:025 og þúst ÁR-472:032. Í öllum tilfellum má þó gera ráð fyrir að ef fyrirhuguð lega jarðtrengs verður fyrir valinu ætti engin hættu að steðja þessum fornleifunum vegna framkvæmdarinnar, þrátt fyrir nálægðina.

Heimildir

Ásgeir Jónasson. 1932. „Örnefni í Miðfellshrauni og Miðfellsfjalli.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1932. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 79-82.

Björn Lárusson, 1967. *Old Icelandic Land Registers*. Doktorsritgerð við Háskólann í Lund. W. F. Salisbury (þýðandi). Lund: Gleerup.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1921. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

JJ: J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

SB II: *Sunnlenskar byggðir II: Flóinn*. 1981. Páll Lýðsson (ritstjóri). Reykjavík: Búnaðarsamband Suðurlands.

SSÁ: *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfðán Jónsson*. 1979. Svavar Sigmundsson (ritstjóri). Reykjavík: Sögufélag.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Aðrar heimildir:


Herforingjaráðskort 37 NA 1909. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn. Aðgengilegt rafrænt á <https://islandskort.is/>

Túnakort 1920: Túnakort Sandvíkurhrepps. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt rafrænt á: <https://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=SHJlacOwdXJib3JnIFNhbmR2w61rdXJocmVwcHVyIMObcm5lc3PDvXNsYQ==>

Loftmyndir ehf. 2024. *Loftmyndasjá*. Aðgengilegt rafrænt á: <https://www.map.is/base/@398912,410987,z12,0>

Viðauki I: Minjakort





Kort 3: Fornleifar innan og nærri áhrifasvæði í Miðfelli

